

Hamar í Hveragerði Íslandsmeistari í blaki



Karlalið Hamars í blaki tryggði sér í gærkvöldi Íslandsmeistaratitilinn með 3-0 sigri á KA. Hamar vann fyrri leik liðanna í Hveragerði einnig 3-0 og einvígið samtals 2-0. Fyrsta hrina var jöfn og spennandi og lauk með 25-23

sigrir Hamars. Í annarri hrinu var Hamar með yfirhöndina en KA klóraði í bakkann í lokin og staðan var 21-19 þegar Hamar spýtti í lófana og kláraði hrinuna 25-19. Þriðja hrina var allan tímann í höndum Hamars og lauk henni einnig

með 25 stigum gegn 19. Hamar vann því einvígið um Íslandsmeistaratitilinn örugglega og er á sínu fyrsta ári í efstu deild handhafi allra 3ja bikaranna; bikarmeistarar, deildarmeistarar og nú Íslandsmeistarar.

Krabbameinsfélag Árnassýslu 50 ára

Krabbameinsfélag Árnassýslu fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu með glæsilegri hátíð um liðna helgi. Fjöldi sótti viðburðinn og þáði kökur, kaffi og grillaðar pylsur. Yngri kynslóðin skemmti sér í hoppuköstulum milli þess að fá sér pylsu eða kökur. Í samtali við Svanhildi Ólafsdóttur, formann félagsins kom fram að starfsemi félagsins hafi eflst mikið síðustu ár og virkum félögum fari fjölgandi. Þörfin fyrir öflugt félag sé fyrir hendi. „Með elju



félagsmanna, óeigingjörnu starfi sjálfbodaliða og öflugum stuðningi frá samfélaginu í

heild, er mögulegt að efla starfsemi félagsins enn meira, og það er okkar markmið.“



Brian Haroldsson, Teresa og Zbigniew Zochowicz.

Hátíðin Öskuminning haldin í minningu Grímsvatnagossins

Öskuminning hátíð til að minnast Grímsvatnagossins 2011 verður haldin á Kirkjubæjarklaustri 5. júní 2021.

Eitt aðalatriðið á dagskránni er tónverk eftir Zbigniew Zochowicz fyrir fiðlu, selló og píanó, sérstaklega samið af þessu tilefni og á meðan tríóið spilar verða sýndar ljósmyndir frá íbúum Skaftárhrepps sem teknar voru öskudagana 2011.

Zbigniew er tónskáld og skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps. Áður en hann hafði hugsað um að flytja til Íslands samdi hann kantötu sem hét *Drottinn er minn hirðir* og fjallar um kindur og lömb en á Klaustri eru kindur og lömb hlaupandi fyrir utan hús þeirra hjóna. Brian Haroldsson var skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps þegar gaus 2011. Brian minnst þess hve ógnvekjandi þögnin var og dimmt allan sólarhringinn. Teresa er tónlistarkennari á Klaustri en þau hjónin áttu heima á Vopnafirði 2011 og fundu

því ekki mikið fyrir öskunni. Þremmenningarnir kunna ýmislegt og spila á þrettán hljóðfæri og tala sjö tungumál. Þau eru sammála um að það versta við Ísland er að þar er myrkur, kuldi og stormar yfir veturinn. Á sumrin kemur birtan í veg fyrir að hægt sé að sofa og svo er stelkurinn á Klaustri ráðinn til að halda fólki vakandi allt sumarið með eilífðartísti segir Brian sem flúði til Víkur í Mýrdal.

En hvað er best við að vera á Íslandi? Náttúran og landslagið er mjög fjölbreytt og heillandi. Það eru margir kostir við að búa í fríðsælu, fallegu og „litlu“ landi sem er ekki troðfullt af fólki. Við verðum líka að hrósa Íslendingum fyrir að gefast aldrei upp í þeirra stanslausa stríði við náttúruöflin.

Skaftfellingar eru lukkulegir með að slíkt hæfileikafólk hafi rekið á fjörurnar og spennandi að sjá og heyra verkið sem þau munu flytja á hátíðinni um næstu helgi.



Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Frændsystkinin taka höndum saman í nýrri bók

Hvernig er sumarið í sveitinni? Við því eru svör sem finna má í samnefndri bók um daglegt líf í sveitum landsins. Bókin er eftir frændsystkinin Hörpu Rún Kristjánsdóttur, búandakerlingu og skáld og Guðjón Ragnar Jónasson, búfræðing og kennara. Við heyrðum í þeim upp undir H e k l u - r ó t u m , þ a ð a n sem bæði eru runnin, og fengum fregnir af bókinni sem, eins og lömbin, er að komast á legg.

Ég veit ekki nærri nóg um svín

Hver er innblástur að bókinni? „Þetta er nú eins og með margar hugmyndir sem Gauji fær, þær vinda upp á sig með ógnarhraða, segir Harpa Rún og brosir. Guðjón tekur skensinu með ró og bætir við, „okkur langaði til að færa sveitina nær fólki er henni kannski fjær. Í fyrra var mikið ferðasumar og margt fólk að kynnast landinu sínu svoltíð uppá nýtt. Úr þeim farvegi sprettur löngunin til þess að þekkja betur landsbyggðina og lífið sem þar fer fram.“

Fyrir hverja er bókinn? „Vonandi sem flesta. Við reyndum að hafa spurningarnar á mismunandi erfiðleikastigum, við höfum prófað þær á jafnt rótgrónum bændum og borgar börnum, sem öll hafa tekið þeim vel. „Ég veit ekki einu sinni allt í þessari bók,“ segir Harpa Rún, sem segir að spurningar um landafræði og svín vefjist fyrir

henni. „Ég veit ekki nærri nóg um svín.“

Er bókinn gluggi inn í líf bóndans eða almennur fróðleikur? Við völdum að hafa fróðleikinn eins almennan og við gátum. Í bland við spurningar og svör eru fróðleiksmolar, t.d. um lífið í sveitinni, dýr sem hafa unnið ýmis afrek og svo þjóðsagnapersónurnar. Eins langaði okkur að vekja athygli á dýrunum í kringum okkur sem við tökum ekki endilega eftir. Guðjón leitaði til dæmis til sérfræðinga um dýr í barnaefni og úr urðu spurningar bæði um póstinn Pál og Hvolpasveit.

Í rauninni er þetta fyrst og fremst gluggi inn í líf dýranna, þar sem þau og þeirra umhverfi er skoðað.

Er lífið í sveitinni framandi í dag? Já, það kemur í raun á óvart. Ein af þeim sem við ræddum við í ferlinu var Pálína Axelsdóttir Njarðvík, sem heldur úti instagramreikningnum @farmlifeiceland og sýnir þar frá hefðbundnu sauðfjárbúi. Hún benti okkur á hvað margt í sveitinni virkar oft framandi fyrir fólk sem ekki lifir og hrærist í þessu umhverfi. Spurningar eins og á hvaða árstíma eru réttir geta alveg átt rétt á sér. Þess vegna er þetta bók fyrir alla fjölskylduna, það er spennandi fyrir bæði börn og fullorðna að spreya sig og sjá hvað þau vita.

Præðir bókarnar liggja í allar áttir

Nú tengið þið ýmsa þræði í bókinni. Hér er fróðleikur um dýr, fróðleikur úr daglegu lífi, málotkun og svo jafnvel fornar

og nýjar þjóðsagnapersónur í formi dýra og manna. Hvers vegna völduð þið að fara svo breitt í efnisvalið? Það kom í raun af sjálfa sér. Sveitin og bændamenningin er mjög samofin okkar þjóðlega fróðleik og þegar við fórum af stað í skrifin bættist fljótt utaná snjóboltann. Þræðirnir liggja í allar áttir og það er svo margt sem okkur langaði að gera skil.

Þetta er myndskreytt bók. Hvernig er að gera þannig bók og sjá hana gædda lífi með hönd teiknarans? Það er afskaplega gefandi og skemmtilegt. Jón Ágúst Pálmason teiknari hefur svo frjálsglegan og skemmtilegan stíl sem við heilluðumst strax af. Sumar myndirnar í bókinni myndu sóma sér vel uppá vegg – t.d. Þorgeirsboli, sem birtist þarna eins ljóslifandi og draugur getur gert og er afar ógnvænlegur. Eins eru í bókinni einfaldari myndir sem lesendur geta litad sjálfir og eru þá hvattir til að kynna sér búfjárlitina, t.d. goslóttar kindur og jarpa hesta.

Bókin er unnin af þremur Íslendingum. Það hlýtur að vera athyglinnar vert? Já það þýðir eiginlega ekkert að biðja um myndir af leggjum og skeljum, nú eða nykrum og draugum, ef teiknarinn er ekki dálítið kunnugur staðháttum ef svo má segja. Svo var þetta bara afskaplega farsælt og skemmtilegt samstarf. Hvernig nýtist bókinn í ferðalag fjölskyldunnar? Ýmsar spurningarnar tengjast ferðalögum um landið, t.d. bæjarfélögum og áningarstöðum. Svo er tilvalið að virða fyrir sér dýrin meðfram veginum og læra meira um þau í leiðinni. Við þökkum Hörpu og Guðjóni fyrir spjallið og hlökkum til að ferðast um sveitina í sumar. -gpp



Guðni Ágústsson mundar lettuna, enda þauvanur að grilla kótelettur af íslenska lambinu.

Kótelettan fer fram í sumar

Margir hafa beðið spenntir eftir því að mæta á Fjölskyldu- og tónlistarhátíðina Kótelettuna sem haldin er á Selfossi nú í ellefta sinn. Ekki verður slegið af og miðasalan opnar 4. júní nk. Í samtali við Einar Björnsson, forsprakka hátíðarinnar segir Einar: Hátíðin er haldin í ellefta skipti. Hátíðin átti að fara fram dagana 11.-13. júní nk. en í ljósi gildandi sóttvarnalaga mun ekki vera hægt að halda hátíðina á tilsettum tíma. Þess í stað hefur verið ákveðið að færa hana aftur um mánuð, það er að segja

fram til 9.-11. júlí, þegar öllum takmörkunum innanlands hefur verið aflétt eins og varfærin áætlun stjórnvalda hefur kveðið á um.“ Það er ekki laust við að Einar sé spenntur fyrir hátíðinni. „Það er komin mikil eftirvænting hjá hátíðarhöldurum og er undirbúningur hátíðarinnar vel á veg kominn. Að venju verður öllu til tjaldað enda finnum við fyrir mikilli eftirvæntingu í samfélaginu,“ segir Einar Björnsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Nánari upplýsingar eru á Facebook-síðu Kótelettunnar.

Hrós vikunnar

Róbert Aron Pálmason

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Róbert Aron Pálmason

Ég þakka stórvini mínum Jóni Bjarnasyni kærlega fyrir hrósið. Jón er ein helsta perla uppsveitanna og dásamlegt að fá hann og fjölskyldu hans í samfélagið hér á Laugarvatni.

Róbert Aron Pálmason

Sjálfur vil ég hrósa heiðurshjónunum Smára Stefánssyni og Hallberu Gunnarsdóttur og skora á þau að hrósa þeim næsta. Þau hjónin, með jákvæðnina að vopni, hafa fengið hinar ótrúlegustu hugmyndir og eru svo skemmtilega óhrædd við að láta þær verða að veruleika. Smári er hinn laghentasti smiður og svo heklaði hún Hallbera á mig alveg gullfallega húfu um daginn. Sómafólk.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Áður í Eden

Mörg eigum við góðar minningar um ísbíltúr í Hveragerði. Gott stöpp í Eden þar sem hægt var að skoða blómin í gróðurhúsinu, fá sér að snæða, njóta myndlistar og fá sér sæti með fjölskyldunni í básunum góðu.

Fram undan er mikið ferðasumar. Íslendingar munu eflaust nýta fyrripart sumars til að heimsækja landið sitt eins og síðasta sumar. Hveragerði er mikill heilsu- og menningarbær sem hefur margt upp á að bjóða. Náttúrufegurðin er allsráðandi í Hveragerði og má þar finna fjölmarga göngu- og hjólreiðastíga. Nú standa yfir endurbætur á búningasklefum Sundlaugarinnar Laugaskarði en vonir standa til að hægt verði að opna í júní.


Meira af menningu Í Hveragerði má finna Listasafn

Árnesinga sem heldur úti metnaðarfullum listviðburðum allt árið um kring. Nýtt svið er í undirbúningi í Lystigarðinum við Varmána. Leikfélag Hveragerðis er öflugt áhugamannaleikfélag sem frumsýndi á dögnum leikritið „Nei ráðherra“ í leikstjórn Arnar Árnasonar. Við erum lánsöm að eiga hér öflugt tónlistarfólk sem eflaust nýta nú tækifæri og halda tónleika sem aldrei fyrr. Matarmenningin blómstrar, nýr heilsumaravagn, kaffihús í dalnum og mathöll í miðbænum. Nýtt hótél opnar í júní sem er ánægjuleg viðbót við rótgróna og góða gistimöguleika bæjarins.

Hreyfing

Fram undan er Hengill Ultra sem er haldið í tíunda sinn. Þar er keppt í utanvegahlaupi, því stærsta sinnar tegundar á Íslandi, með yfir 1300

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
bæjarfultrúi
Frjálsra með
Fransókn í
Hveragerði



keppendur sem keppa í mismunandi vegalengdum. Eftir rólega viðburðatíð vegna heimsfaraldurs verður ánægjulegt að sjá fólk koma saman og takast á við markmiðin sem þau hafa eflaust undirbúið í þó nokkurn tíma.

Það verður eflaust líflegt í blómabænum í sumar enda erum við flest eflaust full tilhlökkunar að upplifa og njóta og skapa nýjar góðar minningar. Hápunktur sumarsins í Hveragerði verður bæjarhátíðin „Blómstrandir dagar“ þar sem bæjarbúar og gestir gera sér glaðan dag í fallega heilsu- og menningarbænum.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944 | SELFOS@PRENMMETODDI.IS

LISTASAFN
ÁRNESINGA

SUMARSÝNINGAR
OPNUNARHELGI 5 - 6 JÚNÍ



IÐU-STREYMI
TURBU-LENCE
LISTASAFN ÁRNESINGA

YFIRTAKA TAKEOVER
RÓSKA
HVÍTUR WHITE
ART MUSEUM

05.06-29.08.21

SUMARNÁMSKEIÐ

Listasafn Árnésinga býður upp á skemmtileg námskeið og smíðjur í sumar:

- 19.06-20.06** Kynning á raftónlist - tilraunastofa stelpur 12-14 ára.
- 21.06-25.06** Listnámskeið fyrir börn 8-12 ára.
- 27.06** Grasagrafíkursmiðja.
- 03.07-04.07** Kynning á raftónlist - tilraunastofa strákar 12-14 ára.

Sjáið nánar á vefsíðu safnsins og skráning er á mottaka@listasafnarnesinga.is
Safnið er opið alla daga frá 12 -17 ókeypis aðgangur.
www.listasafnarnesinga.is



LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is

Sími: 772 9970

DOMUSNOVA
Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

ÞORLÁKSHÖFN
5.-6. júní 2021



Dagskráin

Laugardagur 5. júní

DAGSKRÁ VIÐ SELVOGSBRAUT

- 11:00** Opnun á nýrri afmælisýningu í rómum við Selvogsbraut
- 13:00** DAGSKRÁ VIÐ BRYGGJU
Sjóbóðsundskeppni - fyrirtæki, félagsamtak og vinahópar hvattir til að skrá sig.
Nánar á Facebook-síðu Hamingjunnar við höfð.
- Kaddaslagur
Hlaupabraut í sjó
Sjóbretti til að prufa
Söngkeppni barnanna
Fiskar og furudýr úr sjánum til sýnis
Hoppkastalar
Humsur til sölu á vegum Þórsara

Sunnudagur 6. júní

- 11:00** Sjómanna dagsmessa í Þorlákshafnarkirkju
DAGSKRÁ Í SKRÚÐGARDI
- 11:30** Laser tag til kl. 13:30
- 12:00** Kveikjum á grillum í Skrúðgarðinum
Allir að koma með pylsur á grillið fyrir sig og sína, sósur og laukur á staðnum.
Hoppkastalar allan daginn.
- 12:30** DAGSKRÁ Á SVIDI
Harmonikkutónlist
Sögur af sjó og landi
Sigurvegarar í söngkeppni barnanna og fleiri söngvarar koma fram
- 13:00** Sjómanna dagskaffi Björgunarsveitarinnar
Mannbjargar til kl. 17:00.
Tæki Mannbjargar til sýnis

Alla helgina

Bílskúrssalur um allan bæ: Blómamarkaður í Skrúðgarðinum
Nýstárleg sögusýning í rómum við Selvogsbraut - Sundlaugin opin
Opnið á Hendlur í höfn, Thai Sakho Restaurant og Skálanum - Black Beach Tours með ferðir í gangi



Event: Hamingjan við höfð



ÖLFUS

Styrkir ríkisstjórnarinnar, en til hverra?

Ríkisstjórnin boðar nýja styrki, lokunarstyrki, viðspyrnustyrki, eingreiðslur, m.a. til atvinnulausra og frestun á skattgreiðslum. Sagt er að greiða eigi 200 milljónir í viðbótarstyrk vegna faraldursins, til barna, eldri borgara, öryrkja, fólks af erlendum uppruna og fólks í félagslega viðkvæmum hópum, sérstaklega til að vinna gegn heimilisofbeldi.

Það verður fróðlegt að fylgjast með útfærslunni, því forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa hingað til ekkert viljað gera til að bæta stöðu eldri borgara. Þetta hefur komið fram í aðgerðarleysi þeirra í fjögur ár varðandi þessi kjör. Þetta hafa þeir áreitað með svari við spurningum í Félagstíðindum FEB í Reykjavík. Þar segja þeir að mikið hafi verið gert, þeir vilji vel og brenni fyrir málstaðinn, en erfitt sé að bera kjörin saman við aðra erlendis, vegna gegnumstreymiskerfis lífeyrissjóða þar, en sjóðsstreymiskerfis hér.

Þetta forystufólk, sem svaraði spurningunum, virðist ekki gera sér grein fyrir hver bakgrunnur almannatrygginga hafi verið, sem var lögbundin jöfn skyldugreiðsla hvers og eins frá 16 til 67 ára, frá 1936 til 1986 með mótfamlagi frá ríkissjóði. Og hinsvegar hvað skyldugreiðsla allra vinnandi einstaklinga alla starfsævi til lífeyrissjóða þýði.

Reiknaður grunnur ellilífeyris
Hann er án heimilissuppbótar kr. 266.033 en með heimilissuppbót

sem 1/3 nýtur til viðbótar kr. 67.225. Hækkun án heimilissuppbótar frá fyrra ári var aðeins 3% eins og árið áður. Það eru kr. 9.244 óbreytt á mánuði út allt árið 2021. Prósentur og meðaltöl eru ætíð tilgreind í rökstuðningi embættismanna og ráðherra fyrir bættri stöðu eldri borgara út frá heildargreiðslu og skattafamtölum. Þeir sem minnst fá, lifa ekki á prósentum eða meðaltölum í þeim reikningi. Til samanburðar var hækkun launa að meðaltali síðustu 12 mánuði frá 11 til 17%. Þar má tilnefna hækkun launa til alþingismanna í upphafi árs um kr. 100.000 með hækkun á ýmsum viðbótar-greiðslum á mánuði.

Skærðingarnar

Þær spara greiðslur á reiknuðum grunnlífeyri, sem íslenska ríkið leggur til grundvallar á greiðslu til eldri borgara frá TR líklega í allt um 40 milljarða á ári, vegna 45% skærðingar á móti lífeyrissjóðsgreiðslum og af fjármagnstekjum umfram kr. 25.000 á mánuði og vinnuframlagi í launum umfram kr. 100.000 á mánuði. Þessi reiknaði grunnlífeyrir var líklega aðeins greiddur til um 2500 manns í ár. Það þýðir að um 30 þúsund einstaklingar fá lækkandi greiðslur frá TR vegna skærðinganna.

Lífeyrissjóðirnir

Þeir eru sjóðsmyndun einstaklinga alla starfsævi, til að tryggja afkomu sína á efri árum og ætti ekki að koma ríkisstjórnnum við, hvorki til að skærða lágmarks-

Halldór Gunnarsson

formaður
kjararáðs eldri
borgara í
Rangárvallasýslu



greiðslur frá TR eða að reikna sér framlag þeirra til eldri borgara, í samanburði við greiðslu annarra þjóða til málaflokksins. Greiðslur til lífeyrissjóða erlendis eru í nær öllum löndum hluti af skattgreiðslu viðkomandi til um þriggja lífeyrissjóða, sem ríkisstjórnir fylgjast þá náð með. Hér voru stofnaðir nær 100 lífeyrissjóðir út um allt land. Nú eru um 20 eftir, þar af um 8 virkir með ótrúlega miklum mismun á greiðslum til lífeyrissjóða. Annars vegar lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í A- og B-deild, þar sem t.d. B-deildin skuldar um 600 milljarða til að geta uppfyllt áætlaðar greiðslur, sem aldrei skærðast og hækka mánaðarlega eftir vísitölum. Hins vegar almennu sjóðirnir sem skærða greiðslur til félaga sinna, ef ávöxtun hjá þeim skerðist. Greiðsla þeirra til eldri borgara er að stærstum hluta frá 60 til 120 þús. á mánuði, sé miðað við skýrslu vinnuhóps fjármálaráðuneytisins um lífeyrismál gefin út 2015. Að skærða greiðslu TR á móti lágum lífeyrissjóðum er algjörlega óásættanlegt.



Sunnlenski matgæðingurinn



Ég vil byrja á að þakka Árna Þór fyrir áskorunina, hún var vel þegin enda er ég frábær í eldhúsinu sem og öðrum heimilisstörfum. Ég er með uppskrift að kjúklingaborgurum sem við gerum reglulega á mínu heimili, þeir eru mjög einfaldir og góðir.

Innihald

700 gr kjúklingalæri
60 gr hveiti
1 egg
60 ml safi úr jalapeno-krukku
100 gr. venjulegar nachos flögur (mylja niður)
2 tsk. chili-krydd
1 tsk. salt
1/2 tsk. paprikukrydd
1/2 tsk. hvítlauksduft

Aðferð

Hveiti sett í sér skál og egg og jalapeno-safi í aðra skál (hræra saman). Í þriðju skálinu er kryddi og nachos-mulningi blandað saman. Fyrst er kjúklingnum velt upp úr hveitinu, svo upp úr eggja-blöndunni og að lokum upp úr krydd-/snakkblöndunni. Síðan er bitinn settur á ofnplötu. Gott að setja nokkra dropa af olíu og salt og pipar á bitana á plötunni áður en hún er sett inn í ofn á 180° C þar til kjúklingurinn er fullleiddur.

Meðlæti

Hamborgarabráuð
(gott í vefju líka)
Maukað avocado með sítrónudropum
Rauðlaukur sem búið er að steikja upp úr Sukrin Gold (eða púðursykri) og olíu. Steikja á lágum hita í góðan tíma, leyfa sykrunum að bráðna vel og malla.
Ferskt grænmeti
Chili mayo-sósa.

Sterkt rauðkálssalat

5 dl ferskt rauðkál
3 msk. létt majones
1 og 1/2 matskeið jalapeno
Smá salt



Majonesið og salti og jalapeno mixað saman með töfrasprota, blöndunni er svo hrært saman við ferska rauðkálið. Þetta fer svo allt á kjúklingaborgurann og gott er að bera fram ofnbaða kartöflubáta með þessu. Í eftirrétt er svo hollur jarðarberjaís.

Innihald

2 frosnir miðlungs bananar
16 frosin jarðarber
2-3 dl rjómi
5-7 dropar stevia
3-4 tsk. vanilludropar

Aðferð

Setja allt í matvinnsluvél og blanda þar til þetta er mjúkt. Byrja bara á 2 dl af rjóma og bæta svo bara meira út í ef það er erfitt að blanda saman frosnu ávöxtunum. Smakka til og bæta út í ef þarf. Frysta í boxi með loki í nokkrar klst. Þetta getur svo verið svolitla stund að þiðna, svo það borgar sig að taka ísinn úmanlega úr frysti.

Ég ætla svo að nota tækifærið og skora frænda minn og gleðisvein, Inga Björn Guðmundsson, en hann þykist vera mikill kokkur og mun eflaust töfra fram einhverja snilld í næstu viku.

Skorað er á Inga Björn Guðmundsson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Grenndarstöðvum komið upp á Stokkseyri og Eyrarbakka

Starfsmenn sveitarfélagsins Árborgar hafa lokið við uppsetningu á grenndarstöðvum á Eyrarbakka og á Stokkseyri. Í tilkynningu frá sveitarfélaginu kemur fram að tilraunaverkefni hafi verið í gangi frá 2019 þar sem álíka stöðvum var komið upp við Sunnulækjarskóla með góðum árangri. Það var mat sveitarfélagsins að ekkert væri því til fyrirstöðu en að halda áfram með verkefnið. Grenndarstöðin er hugsuð sem yfirfall blátunnefnis heimilanna. Þá er tekið á móti þeim glerúr-

gangi sem safnast á heimilum. Á Eyrarbakka er grenndarstöðin við áhaldahús sveitarfélagsins við Búðarstíg en á Stokkseyri er stöðin við áhaldahús sveitarfélagsins við Eyrarbraut 41.

Fleiri stöðvar væntanlegar

Í sumar verður komið upp grenndarstöðvum víðsvegar á Selfossi að auki við þá sem nú er við Sunnulækjarskóla. Staðsetningar stöðvanna er þannig: Móavegur - Hagalækur Engjav. - bílast. við íþróttasvæði Miðtún - Ártún

og Tjarnabyggð á gatnamótum Norðurgötu og Suðurgötu.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Dreifing og sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Úrkomu tíðarfar er ég.
Í þig um hádegis fer ég.
Óvissu í mér ber ég.
Úr árinu hlut minn sker ég.

Svar við gátu í blaði 2599: BÓT.

1. lína: Fatabót - 2. lína: Bragarbót
3. lína: Hnési/olnhogabót - 4. lína: Síðabót

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



*samkvæmt Gallup-könnun október - nóvember 2018

Dreymir þig um háskólanám?

Háskólabrú í staðnámi og fjarnámi með og án vinnu

Háskólabrú Keilis býður upp á stað- eða fjarnám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi og geta nemendur að námi loknu sótt um háskólanám héraendis og erlendis.

Umsóknarfrestur til og með 14. júní.
Nánari upplýsingar á haskolabru.is.



Keilir
Háskólabrú

Ævintýrið er rétt að byrja!

Leiðsögunám í ævintýraferðamennsku

Átta mánaða háskólanám fyrir leiðsögumenn í ævintýraferðamennsku þar sem bóklegi hlutinn fer fram í fjarnámi og verklegi hlutinn á sér stað víðs vegar í náttúru Íslands.

Umsóknarfrestur til og með 14. júní.
Nánari upplýsingar á keilir.net.



Keilir
Heilsuakademía



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is



Ástkær eiginmaður og minn besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Finnur Ólafsson,
 rafvirkjameistari,
 Árbakka 8, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Selfoskirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim, sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Árnessýslu reikn. 325-26-430797, kt. 430797-2209. Athöfninni verður streymt á www.selfoskirkja.is.

Þórunn Ingólfsdóttir

Arndís Hildur Jónsdóttir **Davíð Örn Ingvason**
Ingólfur Örn Jónsson **Ása Valdís Árnadóttir**
Ólafur Þór Jónsson **Bjarnfríður L. Guðsteinsd.**
Anna Þóra Jónsdóttir **Aðalsteinn Tryggvason**
 afabörn og langafabarn.



Kæru ættingjar og vinir. Hjartans þakkir fyrir þá samúð og hlýju sem þið sýnduð okkur við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpöður, afa og langafa,

Sveins Ármanns Sigurðssonar,
 Birkigrund 21, Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæslu og lungnadeildar Landspítala í Fossvogi fyrir kærleiksrika umönnun og Karlakór Selfoss fyrir yndislegan söng og stuðning við útförina.

Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir

Bryndís Sveinsdóttir **Hreinn Jónsson**
Magnús Gísli Sveinsson **Linda Björg Perludóttir**
Kristín Sveinsdóttir **Andrés G. Ólafsson**
Guðbjartur Örn Einarsson **Sóley Einarisdóttir**
Bergljót Einarisdóttir **Guðjón Birkiðsson**
 afabörn og langafabörn.



Sólarkolla

Það styttist í þjóðhátíðardaginn okkar og auðvitað verður sól og blíða. Húfan sem hér birtist nær niður fyrir eyrun og varpar líka skugga á nefið og er því fyrirtaks skjól frá sólinni. Hér er hún heklud í fánalitunum en má auðvitað vera í hvaða litum sem er.

Garnið heitir Cotton Quick og er ein margra garntegunda sem við erum með úr bómull og bómullarblöndum. Það er til í ótal falletum litum, gæðagarn á góðu verði. Ein dokka dugur í hverjum lit. Heklunál no 3,5.

Vídd 46-48 / 50-52 sm og passar því á eins til þriggja ára en best er að hafa málín.

Skammstafanir: ll - loftlykkja, kl - keðjulykkja, fl - fastalykkja, flís - fastalykkja í sama gat, st - stuðull, 2stís - 2 st í sama gat, 2fls - 2 fastalykkjur saman, umf - umferð.

Kollurinn

Heklið 5 ll og tengið saman í hring með kl.

1. umf: 2 ll (fyrsti st), 9 st í hringinn. Endið á kl efst í 1. st. (Endið allar umf þannig) = 10 st.
2. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 2 st í hvern stuðul fyrri umf = 20 st.
3. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 1 st, og síðan til skiptis 2 stís og 1 st út umf = 30 st.
4. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 2 st, og síðan til skiptis 2 stís og 2 st út umf = 40
5. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 2 st, og síðan til skiptis 2 stís og 3 st út umf = 50 st.
6. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 3 st, og síðan til skiptis 2 stís og 4 st út umf = 60 st.
7. umf: 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 4 st, og síðan til skiptis 2 stís og 5 st út umf = 70 st.
8. umf: Bara heklud í stærri húfunni 2 ll, 1 st í sama gat og síðasta umf endaði í, 6 st, og síðan til skiptis 2 stís og 13 st út umf nema í lokin 7 st = 75 st.
9. - 16. umf: 2 ll og síðan 1 st í hvern stuðul.



Ef gera á fánakoll er 9. umf hvít, næstu 2 umf rauðar, síðan ein hvít og rest bláar. 17. - 18. umf: 1 ll og síðan fl í hvern st/fl. Endið á sama hátt og áður með kl í ll. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjuna. (Miðja á hnakknum).

Derið

1. umf: Gerið eina ll og heklið síðan kl í 25. / 27. 1 til vinstri á kantinum frá hnakkamiðjunni. 2 flís. Endurtakið síðan 2 fl, 2 flís alls 5 / 6 sinnum og endið á kl = 22 / 26 fl og 1 kl hvoru megin. Snúið við.
2. umf: 1 ll, fl í kl, fl í allar fl fyrri umf. Dragið upp 1 í gegnum kl á endanum og aðra 1 í næstu fl. Þá eru þrjár 1 á nálinni. Dragið 1 í gegnum þær (2fls), 1 kl. = 24 / 28 fl og 1 kl í lokin. Snúið við.
3. umf: 1 ll, fl í kl, fl í allar fl fyrri umf. 2fls í kl fyrstu umf og næstu fl á kantinum, 1 kl. = 26 / 30 fl og 1 kl í lokin. Snúið við. Endurtakið 3. umferðina 6 / 8 sinnum en í síðustu umferðinni er gerð fl í lokin og haldið áfram að gera fl allan kantinn. Endað á kl í fyrstu fl í síðustu umf á derinu.

Slítið endann og dragið í gegnum lykkjuna. Gangið frá endunum. Þvoið úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir.



Hannyrðabúðin

Eygravegi 23, Selfossi // 555-1314



Landsfundur LEB fór fram á Hótel Selfossi

Glæsilegur landsfundur Landsambands eldri borgara fór fram á Hótel Selfossi þann 26. maí sl. Vel var tekið á móti gestum landsfundarins, en Guðfinna Ólafsdóttir, fráfaramandi formaður Félags eldri borgara á Selfossi, var þar fremst í flokki að sjá til þess að vel færi um alla sem fundinn sóttu.

Landsfundinn sóttu 129 fulltrúar frá 38 félögum víðs vegar að á landinu. Dagskrá fundarins var viðamikil og ræddi fólk um hin ýmsu álitamál er varðar hag eldra fólks, bæði í málefnaþópum sem og á sameiginlegum fundi.

Nokkrar ályktanir voru samþykktar, jafnt um velferðarmál sem kjaramál. Viðamest var endanleg útfærsla á Áherslu-

atriðum eldra fólks fyrir komandi alþingiskosningar. Sú ályktun hafði áður verið samþykkt á fjölsóttum formannafundi snemma í vor, en á landsfundinum var smíðshöggð slegið og hún endanlega samþykkt af æðsta valdi LEB, landsfundis.

Send var eftirfarandi ályktun á fjölmiðla að loknum fundinum. „Landsfundur Landsambands eldri borgara, haldinn á Selfossi, bendir á að enn eitt kjörtímabil er að líða án þess að kjör eldra fólks hafi verið bætt. Stjórnvöld hafa í engu sinnt margvíslegum ábendingum um að afkoma eldra fólks hafi í raun versnað og hafa þverbrotið lög og samþykktir til þess að komast hjá greiðslum til þess. Má þar nefna ákvörðun Alþingis um hækkun ellilífeyris



Mynd: Gunnar Páll.

um síðustu áramót. Þá má benda á að laun margra hópa eldra fólks ná ekki lágmarkslaunum, sem er óboðleg staða.

Nú er svo komið að skerðing á lífeyri frá almannatryggingum er hvergi meiri á byggðu bóli og ríkissjóður telst nú taka til sín meginhluta hins almenna lífeyris.

Athygli tæplega 75 þúsund kjósenda við kosningarnar í haust er vakin á þessari staðreynd.“

Gefur kost á sér í 1. sæti fyrir Miðflokkinn í Suðurlandskjördæmi

Birgir Þórarinnsson þingmaður Miðflokksins sækist eftir 1. sæti á framboðslista flokksins í Suðurlandskjördæmi fyrir komandi kosningar. Ákveðið var á fundi stjórnar kjördæmafélagsins að viðhafa uppstillingu. Birgir er einn af stofnendum Miðflokksins og hefur verið oddviti flokksins í Suðurlandskjördæmi frá 2017. Hann er fulltrúi flokksins í fjárlaganefnd Alþingis og hefur flutt fjölmargar breytingartillögur við fjárlög á kjörtímabilinu. Má þar nefna auknar fjárveitingar til: heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, löggæslumála og rannsóknna á skipulagðri glæpastarfsemi, hjúkrunarheimila, stuðningsstarfa öryrkja, geðheilbrigðismála, heimaþjónustu aldraðra, tvöföldun Reykjanesbrautar og átaks

til að draga úr atvinnuleysi á Suðurnesjum. Birgir leggur áherslu á ráðeildarsemi í ríkisrekstri, hagræðingu innan ráðuneyta, sem hafa vaxið hratt í tíð núverandi ríkisstjórnar og árangursmiðaða fjárlagagerð, þannig að almenningur geti treyst því að almannafé sé nýtt með skynsömum hætti. Í utanríkismálum telur hann Ísland eiga vannýtt tækifæri á sviði viðskiptasamninga og fríverslunar meðal annars með sjávarafurðir. Auk þess hafi Ísland allt til að bera til að koma að friðarumleitunum á alþjóðavettvangi. Birgir hefur verið ötull talsmaður landbúnaðarins. Hann hefur látið sig sérstaklega varða grunnildir samfélagsins, sem eiga undir högg að sækja. Birgir er guðfræðingur frá Háskóla

Birgir
Þórarinnsson

Þingmaður
Miðflokksins í
Suðurlandskjördæmi.



Íslands og með meistaraþróf í alþjóðasamskiptum og utanríkisþjónustu frá Bandaríkjunum.

Birgir segir að staða Miðflokksins í Suðurlandskjördæmi sé góð og hafi verið svo allt kjörtímabilið, tækifærin séu mikil. Birgir er hjartáhrifinn á gott gengi flokksins í komandi kosningum. Flokkurinn hafi haldið uppi öflugri stjórnarandstöðu á þingi og málefnaástandan sé sterk. Miðflokkurinn er flokkur breytinga fyrir fólk og fyrirtæki. Flokkur sem treysta má að standi við orð sín.

LAUS STAÐA SKÁLAVARÐAR

Laus er staða skálavarðar í Hólaskógi í sumar frá 15. júní til 1. september.

Starfið felst í móttöku gesta og að gæta þess að skálinn og umhverfi hans sé hreint og snyrtilegt.

Ekki er nauðsynlegt að skálavörður dvelji alltaf í skálanum yfir nótt, né heldur þegar engar bókanir eru. Undanfarnar vikur hefur skálinn verið endurnýjaður að þó nokkru leyti og áfram verður unnið í honum inni sumarið.

Áhugasamir eru hvattir til að senda tölvupóst á magnusorri@gestur.is.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárbæ eystra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárbæ eystra 2012-2024.

Hellishólar – Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lagt er til að gerð verði breyting á aðalskipulagi Rangárbæ eystra 2012-2024. Breytingin felur í sér að landnotkun á ca 6,0 ha svæði á jörðinni Hellishólar, verður breytt í fristundabyggð (F).

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 7. júní 2021 kl. 10:00 – 12:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárbæ eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 16. júní 2021.

F.h. Rangárbæ eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason,
skipulags- og byggingarfulltrúi

Myndir á sýningu – tónleikar

Jóhann I. Stefánsson trompetleikari og Jón Bjarnason organisti verða með tónleika í Skálholtskirkju, miðvikudaginn 9. júní kl. 20:00.

Flutt verður tónverkið Myndir á sýningu eftir Modest Mussorgskí. Myndir á sýningu voru samdar 1874, upphaflega fyrir píanó en hafa verið útsettar fyrir ýmsa hljóðfærahópa og hljómsveitir. Fræg er t.d. útsetning Ravels fyrir símfóníuhljómsveit.

Á þessum tónleikum verður flutt útsetning fyrir trompet og orgel auk þess sem verkið verður kynnt og myndirnar sýndar á tjaldi.

Þeir Jóhann og Jón fluttu verkið fyrir grunnskólabörn úr Sunnlækjarskóla í Selfoskirkju í mars 2020

Aðgangseyrir kr. 2.000, enginn posi.

Tónleikarnir taka um 50 mín. og allir velkomnir.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir þessa tónleika.



ÖSKUMINNINGAR

Hátíð til minningar um Grímsvatnagosíð 2011 verður haldin á Kirkjubæjarklaustri 5. júní 2021.

Liðin eru 10 ár frá gosinu í Grímsvötnum. Gosíð stóð yfir í viku og var öskufall í nokkra daga. Askan hafði mikil áhrif á líf og starf í Skaftárhreppi. Þrátt fyrir að þessi tími hafi verið okkur erfiður langar okkur að minnast þessara daga með því að koma saman og skoða eldgosíð tíu árum síðar.

Fyrir hádegi verður gönguferð í nágrenni Klausturs með jarðfræðingi.

Hátíðin Öskuminningar í Kirkjuhvoli frá 15:00 - 18:00

- Frumflutt verður tónverk sem samið er sérstaklega fyrir hátíðina. Tónskáldið er Zbigniew Zochowicz og með honum leika þau Teresa Zuchowicz og Brian Haroldsson. Á meðan verkið er leikið verða sýndar ljósmyndir frá íbúum Skaftárhrepps á stóru tjaldi.
- Grímsvötn 2011 í baksýnispeglinum. Bergrún Arna Óladóttir, jarðfræðingur, segir okkur ýmislegt um Grímsvatnagosíð 2011.
- Sálgæsla í hamföllum. Sr. Ingólfur Hartvigsson segir frá.
- Áhrif eldgosa á raforkukerfið. Halldór Halldórsson, öryggisstjóri og formaður NSR og starfsmaður Landsnets fjallar um áhrif eldgoss á raforkuframleiðslu, -flutning eða dreifingu rafmagns.
- Hvernig líður þér í dag? Lilja Magnúsdóttir segir frá líðan fólks á góstimánum.
- Grímsvötn og gossaga þeirra - tíðni og eðli gosa. Þorvaldur Þórðarson, jarðfræðingur.
- Börn úr Skaftárhreppi segja frá þeirra upplifun af gosinu.
- Hljómsveitin Öskukallarnir leika öskulög og öskublús.

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps og Vatnajökulspjóðgarður





Eldstó Art Café

Opið frá kl. 12 - 21.

Miðvikudag, fimmtudag,
föstudag, laugardag og sunnudag.

Hlökkum til að sjá þig.

Sími 482 1011 | eldsto.is | Hvolsvelli

Orlof húsmæðra

í Árnes- og Rangárvallasýslu 2021

Skráning er hafin í orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu. Orlofið verður í **Hótel Örk** í Hveragerði **26. til 30. september 2021**.

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu án launagreiðslna fyrir það starf.

Áætluð er ein dagsferð á meðan á dvöl stendur en margt annað verður í boði þessa daga. Við komu á hótelið 26. september munum við óska eftir skráningu í ferðina.

Bókanir óskast hið fyrsta og eigi síðar en 28. júní 2021.

Staðfestingargjald er kr. 30.000 óskast greitt þegar þið fáið staðfestingu á að þið komist í ferðina (sem verður fljótlega eftir að skráningu lýkur).

Þær konur sem eiga inni greiðslu frá því í fyrra vinsamlega staðfestið að þið ætlið að nýta hana. Æskilegt er að láta vita við bókun ferðar hvort nýta eigi rútuferðir sem í boði verða til og frá orlofsstað.

Bankaupplýsingar: 0325-13-300902.
Kennitala 590706-1590.

Vinsamlega geymið auglýsinguna vegna bankanúmers. Næsta auglýsing verður aðeins vegna brottfarartíma.

Móttaka bókana er hjá:

Þórunni Ragnarsdóttur sími 487 5922, 892 5923,
netfang: thorunnreidholt@gmail.com

*Orlofsnefnd húsmæðra
í Árnes- og Rangárvallasýslu.*

Hérna í þessum skóla höfum við eignast vini sem við munum sennilega halda í allt til æviloka



Nýstúdentarnir voru hátíðlega klæddir við útskrift sína, en 37 nýstúdentar útskrifuðust frá Menntaskólanum að Laugarvatni laugardaginn 22. maí sl.

Þrjátíu og sjö nýstúdentar brautskráðust frá Menntaskólanum að Laugarvatni nýliðinn laugardag, 22. maí. 200 manns voru á útskriftinni, nýstúdentar og fjölskyldur þeirra, starfsmenn skólans sem og nokkrir aðrir sem komu að hátíðardagskránni svo og einnig tæknimenn frá Sonik þar sem athöfninni var streymt. Salnum var hólfaskipt og allar sóttvarnareglur viðhafðar.

Bestum heildarárangri nýstúdentna náði Margrét María Ágústsdóttir frá Selfossi en hún var með aðaleinkunnina 9,39 sem er vegið meðaltal allra áfanga sem hún tók við skólann á þriggja ára námsferli sínum. Semi dux nýstúdentna var Kristján Bjarni Rossel Indriðason frá Ysta-Koti í Rangárþingi eystra með aðaleinkunnina 9,29. Hluta þau, sem og fjöldi annarra nýstúdentna, viðurkenningar kennara og fagstjóra skólans fyrir afburðaárangur í hinum ýmsu greinum.

Nýstúdentar sem setið höfðu í stjórn nemendafélagsins Mímis hlutu og viðurkenningu fyrir störf sín. Eins hlaut Kristján Bjarni fráfarandi stallari sérstaka stillaraviðurkenningu og einnig Raungrainaverðlaun HR. Hekla Steinarsdóttir frá Hellu, nýstúdent af Félags- og hugvísindabraut, hlaut sérstaka viðurkenningu skólameistara fyrir óeigingjörn störf í þágu skólans og nemendafélagsins. Sindri Bernholt frá Hveragerði, nýstúdent af Náttúruvísindabraut, hlaut Menntaverðlaun HÍ, Almar Máni Þorsteinsson frá Hellu, nýstúdent af Náttúruvísindabraut, hlaut

viðurkenningu Stærðfræðafélags Íslands og viðurkenningu Landlækniseimbættisins fyrir árangur í heilsuáföngum svo og hlaut Kolbrá Hekla Guðjónsdóttir frá Selalæk í Rangárþingi ytra viðurkenningu Efnafraðisfélagsins.

Jóna Katrín Hilmarisdóttir aðstoðarskólameistari starfaði sem skólameistari lungann úr vetrinum í leyfi Halldórs Páls Halldórssonar skólameistara og flutti hún ræðu skólameistara. Í máli hennar kom m.a. fram: „Á erfiðum tímum kristallast tilgangur þess sem við sinnum í hversdeginum. Við förum í vinnu og skóla, við sinnum börnum og búi. Hversdagurinn er nefnilega dýrmætari en við gerum okkur oft grein fyrir; það gleymist í amstri dagsins. Að lifa á friðartímum í friðsömu landi sem tryggir börnunum okkar aðgengi að menntun og öllum þeim tækifærum sem hugar þeirra stefnir til er mikið dýrmæti.“

Í ræðu fulltrúa nýstúdentna, Kristjáns Bjarna, kom m.a. fram: „Hérna í þessum skóla höfum við eignast vini sem við munum sennilega halda í allt til æviloka. Vinirnir muna nýta tækifærin til að hittast og spjalla um allt það sem skiptir minna máli eins og pólitík og börnin en svo mun samtalið auðvitað leiða til baka á gömlu góðu tímana þar sem við gerðum svo marga mismunandi og misgáfulega hluti.“

Halldór Páll skólameistari ávarpaði nýstúdentna í lok hátíðardagskrár og sagði meðal annars: „Ræktið vináttu ykkar, hún er til lífsstíðar. Það er lífsstíll að vera ML-ingur.

Leitist við að hittast sem oftast í þeirri veröld sem er utan holtsins okkar, en því er ekki að neita að á stundum leitar að manni sú hugsun að ekkert sé utan dalsins fagra. Hér er ólýsanlega fögur veröld í alheimi, í eiginlegri sem huglægri merkingu. Hér er lífið!“

Veitt var úr styrktarsjóði Kristins Kristmundssonar og Rannveigar Pálsdóttur, fyrrverandi skólameistararhóna, að Rannveigu (Bubbu) viðstaddri, hið fjórtánda sinni þeim „nýstúdentum sem sýnt hafa frábæran dugnað, hæfileika og ástundun í námi“ eins og stendur í stofnskrá að skuli gera. Styrki hlutu:

Margrét María Ágústsdóttir, nýstúdent af Félags- og hugvísindabraut, Kristján Bjarni Rossel Indriðason, nýstúdent af Náttúruvísindabraut, Jóna Guðlaug Guðnadóttir frá Drangshlíðardal í Rangárþingi eystra, nýstúdent af Náttúruvísindabraut og Sindri Bernholt frá Hveragerði, nýstúdent af Náttúruvísindabraut.

Dux scholae veturinn 2020-2021 voru tveir og er þar horft til árangurs allra nemenda skólans yfir veturinn. Það voru þau Sindri Bernholt og Guðný Salvör Hannesdóttir (Gísella), nemandi í 2F, en hún er frá Arnkötlustöðum í Rangárþingi ytra. Voru þau bæði með aðaleinkunnina 9,8 sem er vegið meðaltal áfanga vetrarins með einum aukastaf. Semi dux scholae nýliðins vetrar voru einnig tveir, áðurnefnd Margrét María og Kristján Bjarni með aðaleinkunn vetrarins 9,6.

Á útskriftinni var Þórdís Pálmadóttur þökkuð vel unnin störf, en hún hefur starfað sem skólaritari og fulltrúi í um áratug og að auki ritað á stúdentaskirteini og í viðurkenningarbækur í 33 ár.

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á 291. fundi sínum þann 27. maí 2021 að auglýsa eftirtaldir skipulagstillögur samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. málsgrein 41. greinar sömu laga.

Aðalskipulagsbreyting vegna nýs íbúðarhverfis vestan Þorlákshafnar.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á reit 111 í aðalskipulagi. Þar er nú gert ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, þar- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs.

Deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi vestan Þorlákshafnar.

Tillagan gerir ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, þar- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs. Leitast hefur verið við að skapa nánd við náttúru svæðisins og vernda hraunmyndanir sem þar eru að finna.

Breyting á deiliskipulagi Norðurhrauns.

Gerð er lítilsháttar breyting á samþykktu skipulagi hverfisins.

- Hámarkstærð raðhúsa með bílskúr má ekki vera meiri en 120 m² en verður allt að 150 m² við breytinguna.
- Kvóð er um a.m.k. 1 metra skörun á milli veggflata en hún verður nú 0,3 metrar.
- Bindandi byggingarlínur eru gerðar leiðbeinandi.
- Hámarks nýtingarhlutfall á lóðum er 0,30 og ekki er samræmi milli þess og hámarks byggingarmagns og er þetta ósamræmi leiðrétt.

Deiliskipulag Lækur II, lóð 3.

Lóðin er 5,1 ha rétt ofan við Þorlákshafnarveg. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, vinnustofu, geymslu, hlöðu, gripahúsi, gestahúsi, leikhús barna og hænsnakofa, allt í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Deiliskipulag fyrir Auðsholt

Deiliskipulagstillagan markar 4 nýjar lóðir í landinu, þar af tvær fyrir íbúðarhús, lóð fyrir hesthús og 30 ha lóð sem hugmyndin er að stofna nýtt lögbýli á. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins hvað varðar uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Deiliskipulag Grímslækjarheiði - Sögusteinn.

Gert er ráð fyrir íbúðarlóðum á svæði sem er íbúðasvæði skv. aðalskipulagi. Eldra deiliskipulag svæðisins sýndi allar byggingarlóðir á svæðinu sem frístundalóðir. Tvö íbúðarhús standa á svæðinu, Sögusteinn og Hlíðarás, húsín eru skráð íbúðarhús, þó þau standi á lóðum sem eru skipulagðar sem frístundalóðir skv. gildandi deiliskipulagi. Þetta misræmi er lagfært í nýju skipulagi þar sem allar lóðir á svæðinu eru skilgreindar sem íbúðarlóðir í samræmi við aðalskipulag.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, frá 2. júní til 15. júlí 2021

Þeir sem vilja gera athugasemdir er bent á að senda tölvupóst á skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 15. júlí 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 17. mars og 19. maí 2021 að kynna tillögu heildar endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppráttur, uppráttur af Holtamannafrétti og skýrsla er varðar stöðu og tækifæri ferðabjónustu í Ásahreppi.

2. Sogsvirkjanir H20 og H22 - Breytt landnotkun - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Sogsvirkjana. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar Þrjár og Háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

3. Hraunhóla L166567, íbúða- og frístundabyggð - Stækkun svæðis og fjölgun lóða Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt íbúðasvæði sem verður um 12 ha fyrir 8 lóðir auk þess sem frístundasvæði F42 stækkar sem nemur um 3 ha með möguleika á 4 lóðum til viðbótar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

4. Borg í Grímsnesi - Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi.

5. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós - Ný svæði - Aðalskipulagsbreyting

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til námu og efnislosunarsvæðis við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnislosunarsvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi:

6. Flatir lóð 17, L193908 - Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að lóð sem áður var frístundalóð, en var færð undir landbúnaðarsvæði við heildar endurskoðun aðalskipulags, verði færð til baka undir frístundanotkun. Staðfesting Skipulagsstofnunar er varðar málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga liggur fyrir.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Helgastaðir 1, L167105 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til Helgastaða 1, L167105. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á fjórum byggingarreitum innan jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, hesthúsi, reiðskemmu og skemmu/vélageymslu.

8. Sólheimar - Byggðahverfi 2020-2025 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa tillögu heildar endurskoðunar deiliskipulags að Sólheimum. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála.

9. Löngudælaholt frístundasvæði - Breyting og samræming deiliskipulags

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi að Löngudælaholti. Markmið skipulagsbreytingarinnar er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð út frá staðbetri grunnögnum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofuútíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.asahreppur.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 1, 2 og 3 eru í kynningu frá 2. júní 2021 til og með 25. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 25. júní 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 4 og 5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 7, 8 og 9 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 16. júlí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Íþróttir

Frábær endurkoma hjá Selfossi

KNATTSPYRNA Selfoss og Gróttu skildu jöfn þegar liðin mættust í Lengjueldinni á föstudagskvöld. Jafnræði var með liðunum fyrstu mínúturnar en það var Gróttu sem náði forystunni með marki úr óbeinni aukaspyrnu innan víta-teigs Selfyssinga. Gróttu tvöfaldaði forystu sína stuttu síðar og fór liðið með 2-0 forystu inn í hálfleikinn. Eftir klukkutíma leik kom þriðja mark Gróttu og brekkan orðin ansi brött fyrir okkar menn. Selfyssingar héldu þó áfram og Hrvoje Tokic minnkaði muninn eftir undirbúning frá Gary Martin. Það var síðan varamaðurinn Valdimar Jóhannsson sem minnkaði muninn enn frekar stuttu síðar þegar hann skoraði fallett mark aftur eftir undirbúning frá Gary. Tokic var aftur á ferðinni á 74.



mínútu þegar hann jafnaði leikinn úr vítaspyrnu eftir að Valdimar hafði verið tekinn niður innan teigs. Selfyssingar sóttu stíft síðustu mínútur leiksins en

aldrei kom sigurmarkið. Frábær endurkoma hjá okkar mönnum! Liðið mætir Grindavík á þeirra heimavelli á fimmtudagskvöldið kemur.

Þrír Selfyssingar í U19 landsliðinu

KNATTSPYRNA Þrír Selfyssingar eru í U19 ára landsliði Íslands sem mætir Færeyjum í júní.

Jón Vignir Pétursson leikmaður Selfoss var valinn í hópinn í fyrsta skiptið ásamt því voru þeir Þorsteinn Aron Antonsson og Guðmundur Tyrfingsson valdir í þetta verkefni. Þorsteinn leikur með Fulham í Englandi en Guðmundur leikur með Pepsi-Max deildar liði ÍA.

Frábær árangur hjá okkar mönnum. -UMFS/iri



Jón Vignir, leikmaður Selfoss. Ljósmynd: UMFS

Sigur í síðasta deildarleiknum

HANDBOLTI Selfyssingar enduðu í fjórða sæti Olísdeildar karla í handbolta eftir útsigur á Gróttu í síðasta leik sínum í deildinni á þessu tímabili.

Leikurinn gegn Gróttu var í járnum framan af. Selfyssingar náðu yfirhöndinni um miðbik fyrri hálfleiks en Gróttu gerði gott áhlaup á lokamínútunum og staðan jöfn í hálfleik.

Selfyssingar voru sterkari í seinni hálfleik, þar sem þeir spiluðu fína vörn og áttu góðar sóknir. Gestirnir náðu fljótt frumkvæðinu, munurinn jókst hægt og bitandi og á lokakafli um náðu ríkjandi Íslandsmeistararnir að slíta sig endanlega frá heimamönnum, lokatölur 23-27.

Mörk Selfoss: Atli Ævar Ingólfsson 6, Hergeir Grímsson 6/2. Ragnar Jóhannsson, Alexander Már Egan og Einar Sverrisson 4, Nökkvi Dan Elliðason 2 og Gunnar Flosi Grétarsson 1. Varin skot: Vilnius Rasimas 18/1 (45%).

Að lokinni lokaumferð Olísdeildarinnar er ljóst að lið Selfoss endar í fjórða sæti. Selfyss-

inga bíður áhugavert einvígi við lærisveina Patreks Jóhannssonar í Stjórnunni. Einvígið hófst í Garðabænum í gær, þriðjudag, og fer síðari leikurinn fram í

Hleðsluhöllinni á föstudag. Leiknir verða tveir leikir og mun samanlögð markatala úr þeim ráða úrslitum. -Umf. Selfoss/esó



Vilnius Rasimas varði vel í markinu. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SÁ



Íslandsmet og HSK-met sett á Vormóti HSK

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Um 90 keppendur tóku þátt í Vormóti HSK í frjálsum á Selfossi 25. maí sl. Ágætur árangur náðist í mörgum greinum, en vindur var of mikill allt kvöldið í stökkum og spretthlaupum og því telst árangur í þeim greinum ekki löglegur.

Eitt Íslandsmet var sett á mótinu en það var FH-ingurinn Arnaldís Diljá Óskarsdóttir sem bætti met Ásgerðar Jönu Ágústsdóttur í spjótkastrí (500g) í flokki 16-17 ára stúlkna. Hún kastaði lengst 45,93 metra og bætti þar með

átta ára gamalt met um 49 sentímetra.

Álfrún Diljá Kristínardóttir úr Umf. Selfoss setti samtals sex HSK-met í sleggjukasti í 15 ára flokki og 16-17 ára flokki með 3 kg sleggju. Álfrún bætti metið í kastseríu sinni þrisvar í báðum flokkum, kastaði 41,62 m, 41,96 m og 43,93 m í lokakastinu. Álfrún átti metin í þessum flokkum, en hún kastaði 3 kg sleggjunni 41,12 metra á síðasta ári.

Heildarúrslit frá mótinu eru á fri.is og myndir á hsk.is. -hsk



Arnaldís Diljá Óskarsdóttir fyrir miðri mynd setti Íslandsmet í sleggjukasti og nafna hennar Álfrún Diljá Kristínardóttir setti HSK-met í tveimur aldursflokkum í sleggju. Með þeim á myndinni er Hekla Magnúsdóttir.



Selfyssingar á toppnum

KNATTSPYRNA Selfoss situr enn í toppsæti Pepsi Max-deildarinnar þrátt fyrir markalaust jafntefli á heimavelli gegn Fylki í seinustu viku.

Leikurinn á móti Fylki byrjaði ekki vel hjá okkar stelpum þar sem Fylkir komst inn fyrir vörnina og skoraði mark sem dæmt var af vegna rangstöðu. Á 38. mínútu fékk Guðný mark-

maðurinn okkar rautt spjald eftir misheppnað úthlaup. Stelpurnar vöknuðu þá til lífsins og var leikurinn mjög jafn eftir það, sem endaði með markalausum jafntefli.

Liðið uppskar því eitt stig og er á toppnum með 13 stig. Næsti leikur er í Vestmannaeyjum laugardaginn 5. júní kl. 14:00.

-Umf. Selfoss/eg



Stelpurnar í 4. flokki. Ljósmyndir: Umf. Selfoss



Stelpurnar í 5. flokki. Ljósmyndir: Umf. Selfoss

Góður árangur á vormóti

FIMLEIKAR Um helgina fór vormót í hópfirmleikum fram í Dalshúsum í Grafarvogi. Fimleikadeild Selfoss sendi tvö stúlknaði á mótið, eitt í 4. flokki og annað í 5. flokki.

Báðir hóparnir stóðu sig vel og enduðu í fjórða sæti. Bæði liðin bættu skor sitt frá síðasta móti og verður gaman að fylgjast með þessum ungu stúlkum í framtíðinni. -Umf. Selfoss/sóh

Ragnar ráðinn Íþróttafulltrúi Rangárbings ytra

Ragnar Ævar Jóhannsson er 46 ára og er starfandi deildarstjóri við Leikskólann Heklukot og býr með fjölskyldu sinni á Hellu. Ragnar Ævar er menntaður tómsunda- og uppeldisfræðingur frá háskólanum í Linköping í Svíþjóð en hefur einnig lagt stund á Tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Hann hefur veitt forstöðu tómsundaheimilis í Svíþjóð og félagsmiðstöðinni Igló í Kópavogi ásamt því að hafa umsjón með unglingsstarfi í félagsmiðstöðinni Árseli í Reykjavík og gegna stöðu íþróttastjóra Skautafélags Reykjavíkur. Þá hefur hann sinnt starfi deildarstjóra í leikskólunum Núpi, Hlíðarborg og Heklukoti. Ragnar Ævar hefur einnig starfað við málun, unnið sem verktaki við pípulagnir auk þess að vera háseti til sjós. Hann hefur mikla reynslu og þekkingu á tómsundastarfi og íþróttahreyfingunni, hefur setið í stjórnnum íþróttafélaga, hjálfað börn og unglinga og verið virkur í foreldrastarfi íþróttafélaga.

Starfið var auglýst í Morgunblaðinu, Dagskránni og Búkollu og á heimasíðu Rangárbings ytra með umsóknarfrest til 16. apríl 2021. Umsækjendur voru 13 talsins. Umsóknir voru flokkaðar með tilliti til þess hversu vel umsækjendur uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og ljóst að mjög góðar umsóknir lágu fyrir. Í auglýsingu um starfið

var tekið fram að leitað væri að öflugum einstaklingi til að bera ábyrgð á íþrótt- og tómsundamálum sveitarfélagsins og hafa forystu um heilsuefandi verkefni á vegum þess. Ennfremur að vera yfirmaður íþrótt- og félagsmiðstöðva í Rangárbingi ytra og vinna að stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarfi í íþrótt- og tómsundamálum á vegum sveitarfélagsins. Gerðar voru þær menntunar- og hæfniskröfur að umsækjandi hefði háskólamenntun sem

nýttist í starfi og byggi að farsælli reynslu af íþrótt- og tómsundastarfi. Önnur atriði sem lögð voru til grundvallar voru m.a. góðir forystu-, skipulags og samskiptahæfileikar. Ákveðið var af sveitarstjórn Rangárbings ytra að fela Björk Grétarsdóttur oddvita, Ágústi Sigurðssyni sveitarstjóra og Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur sveitarstjórnarfulltrúa að taka viðtöl við umsækjendur. Umsækjendur mættu í viðtöl á tímabilinu 5.-17. maí 2021 og hvert viðtal tók allt að 1 klst. Viðtölin fóru fram á Hellu en einnig í gegnum Zoom-fjarfundi.

Það var samdóma álit þeirra sem viðtölin tóku að hæfastur til að gegna starfinu væri Ragnar Ævar Jóhannsson. Haft var samband við samstarfsaðila úr fyrri störfum og fékk hann góða umsögn þar til að gegna starfinu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband í sími 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.



Hjallastefnu leikskólinn Bergheimar í Þorlákshöfn leitar að öflugum leikskólakennara til starfa í 100% stöðu. Við leitum að jákvæðum og lífsglöðum einstakling sem til er í að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa áhuga á jafnrétti og lýðræði í skólustarfi.

Menntun og hæfniskröfur

Leikskólakennaramenntun eða leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari. Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi. Lipurð, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður ráðið tímabundið í stöðuna.

Leikskólinn Bergheimar leitar að auki eftir duglegum, jákvæðum og drífandi einstakling sem til er í að vinna frá kl.15:00 - 17:00 alla virka daga á skilavakt.

Hafir þú áhuga á að sækja um, sendu umsókn og ferilskrá á netfangið bergheimar@hjalli.is en umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2021

Allar nánari upplýsingar veitir Bjarney Björnsdóttir, leikskólalastýra Bergheima á netfanginu bergheimar@hjalli.is



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá 10. ágúst 2021

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda tæplega 50 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

- Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.
- Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinendur í stöðurnar.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánunni samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólalastjóra.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2021

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólalastjóri í síma 480 6620.

AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Stóra-Núpssocknar verður haldinn í Félagsheimilinu Árnasi mánudaginn 7. júní 2021, kl.20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalsafnaðarfundarstörf.

Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.



KVENFÉLAG STOKKSEYRAR

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Kvenfélags Stokkseyrar verður haldinn í Ásgeirsbúð a Stokkseyri, þriðjudaginn 8. júní 2021 kl. 20.00. Dagskrá fundarinnar eru hefðbundin aðalfundarstörf en einnig verða teknar fyrir lagabreytingar. Hvetjum alla félagskonur að mæta og nýir félagar eru sérstaklega velkomnir.

Stjórnin

Tillaga að lagabreytingum á lögum Kvenfélags Stokkseyrar

4. gr. Inntöku í félagið getur hver sú kona fengið sem á lögheimili á félagssvæðinu og er orðin 16 ára að aldri.

verður

4. gr. Inntöku í félagið getur hver sú kona fengið sem þess óskar og er orðin 16 ára að aldri.

5. gr. Inngangseyrir skal vera 1800 kr. og gildir sem árgjald fyrir það ár, en árgjald félagskvæna skal vera 1800 kr. og greiðast í desembermánuði ár hvert.

verður

5. gr. Fellur niður

7. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn eftir áramót, ár hvert. Á aðalfundi leggur stjórnin fram skýrslu um störf félagsins á liðnu ári, ásamt endurskoðuðum reikningum. Á fundinum skal kosin stjórn félagsins og varastjórn, ásamt tveimur endurskoðendum reikninga, er ekki mega eiga sæti í stjórn félagsins. Jafnframt skulu kosnir varaendurskoðendur. Ef fastar nefndir kunna að verða starfandi í félaginu skulu þær einnig kosnar á aðalfundi. Kosning í stjórn sé óbundin og leynilega og gildir til eins árs í senn. Allar félagskonur eru skyldar til að taka við kosningu í hvers konar störf fyrir félagið, nema um fullgild forföll sé að ræða.

Hafi kona setið í 5 ár í stjórn getur hún skorast undan endurkosningu um næsta tveggja ára skeið.

Gjörðir aðalfundar eru því aðeins lögmætur ef það mæta 10 konur. Aðrir félagsfundir eru lögmætir, ef þeir eru nægilega vel boðaðir, þótt þar mæti aðeins 10 konur.

verður

7. gr. Aðalfundur skal halda á haustmánuðum ár hvert. Á aðalfundi leggur stjórnin fram skýrslu um störf félagsins á liðnu ári, ásamt endurskoðuðum reikningum. Á fundinum skal kosin stjórn félagsins og varastjórn, ásamt tveimur endurskoðendum reikninga, er ekki mega eiga sæti í stjórn félagsins. Jafnframt skulu kosnir varaendurskoðendur. Ef fastar nefndir kunna að verða starfandi í félaginu skulu þær einnig kosnar á aðalfundi. Kosning í stjórn sé óbundin og leynilega og gildir til eins árs í senn. Allar félagskonur eru skyldar til að taka við kosningu í hvers konar störf fyrir félagið, nema um fullgild forföll sé að ræða.

Hafi kona setið í 5 ár í stjórn getur hún skorast undan endurkosningu um næsta tveggja ára skeið.

Gjörðir aðalfundar eru því aðeins lögmætur ef það mæta 10 konur.

Aðrir félagsfundir eru lögmætir, ef þeir eru nægilega vel boðaðir, þótt þar mæti aðeins 10 konur.

10. gr. Nú er félagið leyst upp á löglegan hátt og skulu þá eftirtaldir sjóðir, félagssjóður, sjúkrasjóður, og jólatréssjóður, skiptast á milli Stokkseyrarkirkju og Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þannig að hver stofnun fyrir sig verji þessu til söngmenningar í plássinu.

verður

10. gr. Nú er félagið leyst upp á löglegan hátt og renna eignir þess til kirkjunnar, leikskóla, sundlaugar og góðgerðamála.

Betri líðan og hagsæld barna

Oddný G. Harðardóttir

Þingmaður Samfylkingarinnar



Ef Ísland á að vera barnvænt samfélag líkt og við jafnaðarmenn ætlum okkur eftir næstu kosningar, verður að styðja við fleiri barnafjölskyldur með barnabótum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru barnabætur ekki tekjutengdar en í Danmörku hefjast skerðingar við háar tekjur. Á Íslandi byrja skerðingarnar við 351.000 kr. á mánuði!

Fólk með meðaltekjur hér á landi fá ekki barnabætur

Tekjutengingin er í hinum norrænu ríkjunum í gegnum tekjuskattskerfið. Hugsunin er sú að með barnabótum sé kjör þeirra sem eru með börn á framfæri jöfnuð við kjör þeirra sem eru ekki með börn á

framfæri. Við í Samfylkingunni jafnaðarmannaflokki Íslands viljum taka örugg skref að barnvænu samfélagi. Fyrsta skrefið við fjárhagslegan stuðning við barnafjölskyldur á næsta kjörtímabili verði að barnafjölskyldur með meðallaun fái óskertar barnabætur.

Óskertar mánaðarlegar greiðslur

Barnabætur eru greiddar út fjórum sinnum á ári. Fyrsta breytingin sem augljóslega þarf að gera er að greiða barnabætur út mánaðarlega til að lágmarka kostnað vegna yfirdráttar á bankareikningum og tryggja þar með að greiðslurnar verði eðlilegur partur af mánaðarlegum rekstri heimilisins.

Ef barnabætur yrðu greiddar út mánaðarlega þá næmu þær óskertar 31.000 kr. á mánuði með einu barni undir 7 ára hjá sambúðarfólki en 44.000 kr. til einstæðra foreldra. Ef börnin eru tvö og annað undir 7 ára er

greiðslan 55.000 kr. á mánuði hjá sambúðarfólki en 78.000 kr. hjá einstæðum foreldrum.

Fresta barneignum

Í samtölum mínum við ungar konur með meðallaun, s.s. kennara, hjúkrunarfræðinga og bankastarfsmenn, segja þær allar að barnabæturnar séu ekki fyrir þeirra börn. Þó þær velti hverri krónu og aldrei sé afgangur um mánaðamót sama hve margir yfirvinnutímar séu unnir. Um leið og foreldrarnir vinni meira til að geta veitt börnum sínum þokkalegt húsnæði, klæði, fæði og tómsundur, fái börnin lítinn tíma með foreldrum sínum og streitan við að skutla og sækja inn á milli vinnutarna taki sinn toll. Of margar þeirra fresta barneignum vegna efnahags.

Breytum þessu. Sýnum að alvara og þungi sé í slagorðinu „Barnvænt Ísland“ og leggið Samfylkingunni lið í kosningunum í september.

Bylting í aðgengismálum í Árborg

Samstarf milli fyrirtækisins TravAble og Árborgar er liður í því að taka aðgengismál sveitarfélagsins föstum tökum. „Aðgengismál snerta alla og eru brynt viðfangsefni. Fyrstu skrefin í samstarfi við TravAble eru úttektir á öllum stofnunum sem reknar eru af sveitarfélaginu,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í samtali við Dagskrána.

Úttektir og gagnasöfnun lykullinn að úrbótum

Lifandi samfélag í alfaraleið! Við tökum vel á móti þér, er slagorð sem Sveitarfélagið Árborg hyggst standa undir. „Ofangreind slagorð Árborgar eru ekki orðin tóm og í anda þeirra hefur sveitarfélagið, í samvinnu við TravAble, lagt af stað í vegferð um úrbætur á aðgengismálum í sveitarfélaginu. Samningurinn við TravAble felur í sér úttekt á stöðu aðgengismála hjá stofnunum sveitarfélagsins og hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu,“ segir Gísli. Þá sagði Atli Marel Vokes sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar metnað sveitarfélagsins standa til aðgengis fyrir alla og sé þetta liður í því starfi. Aðgengi að gögnum um aðgengi er mikilvægur þáttur í þessu verkefni og ætti að leiða til ábendinga um úrbætur og hraðari framþróunar.

Markvissar úrbætur þegar gagnasöfnun er lokið

Fyrstu skrefin í samstarfi við TravAble eru úttektir á öllum stofnunum sem reknar eru af sveitarfélaginu. Í framhaldinu fá sumarstarfsmenn Árborgar kennslu í úttektum sem mun nýtast við frekari úttektir



Atli Marel Vokes sviðsstjóri mannvirkja og umhverfissviðs Árborgar, Gísli Halldór bæjarstjóri og Ósk Sigurðardóttir, eigandi og stofnandi TravAble undirrita samstarfssamning í ráðhúsi Árborgar.

annarsstaðar í Árborg, t.d. í þjónustu- og verslunarkjörnum. Að úttektum loknum ætti sveitarfélagið að hafa fengið góða yfirsýn á úrlausnarefni. Á þeim grunni verður ráðist í markvissar úrbætur.

Upplýsingarnar gerðar aðgengilegar með hjálp TravAble

Í framhaldi af ofangreindum samningi verður unnin skýrsla um stöðu mála og allar byggingarnar skráðar í TravAble appið, smáforrit sem gerir upplýsingarnar enn aðgengilegri. Þannig verður hægt að fá upplýsingar um aðgengi í öllum opinberum byggingum Sveitarfélagsins Árborgar í TravAble smáforritinu.

TravAble er íslenskt fyrirtæki sem vinnur að úrbótum á aðgengismálum. Fyrirtækið heldur úti smáforriti, appi, fyrir snjallsíma þar sem leita má upplýsinga um aðgengi á ýmsum stöðum, t.d. veitingastöðum í nágrenninu. TravAble er samfélagslegt frumkvöðlafyrirtæki sem

hefur frá upphafi haft það að markmiði að veita fólki með skerta hreyfigetu upplýsingar um staði og þjónustur sem henta þeirra hreyfihömlun. „Nú þegar eru heilmiklar upplýsingar um allt land komnar inn og mjög jákvætt að Árborg bætist í hóp annara sveitarfélaga eins og Reykjavíkur og Garðabæjar að skrá aðgengisupplýsingar með formlegum og aðgengilegum hætti“ segir Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri TravAble.

Eldri borgarar nýti sér þjónustu TravAble

Sú skemmtilega þróun hefur átt sér stað á undanförunum misserum að eldri borgarar hafa byrjað að nýta sér þjónustu TravAble. Hægt er að skrá mismunandi aðgengisþarfir í appið og þetta hafa eldri borgarar nýtt sér vel. Með sífellt stærra hlutfalli eldra fólks í samfélaginu og auknu tæknileysi er þetta auðvitað gríðarlega jákvæðar fréttir og hefur TravAble nú þegar átt gott samtali við Landssamband eldri borgara.

-gpp

Vallaskóli fær höfðinglega gjöf frá nemendum



Þrjú nemendur í 5. HS í Vallaskóla á Selfossi, þeir Loftur, Örn og Magnús Ingi færðu skólanum gjöf, en um er að ræða veglegt hraungrjót úr Fagradalshrauni sem nemendur höfðu sett á tréplatta í kennslustund í smíðinni. Þessari fínu gjöf verður fundinn staður í glerskápnunum góða í anddyri skólans.

RFI: Markaðskönnun fyrir Heilsugæsluna í Hveragerði

21478: Ríkiskaup f.h. Heilsugæslunnar í Hveragerði stefnir að því að taka á leigu um 400 fermetra húsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hveragerði. Umsjónaraðili verkefnisins er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Gerð er krafa um staðsetningu miðsvæðis í bæjarfélaginu, gott aðgengi fyrir hreyfilhamlaða, hjólandi og gangandi og næg bilastæði bæði fyrir viðskiptavinum og starfsfólki.

Gert er ráð fyrir að leigutími verði 15 – 20 ár auk mögulegrar framlengingar.

Til nánari undirbúnings á fyrirhuguðum áformum um leigu á húsnæði fyrir heilsugæslu er hér með óskað eftir upplýsingum frá áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á að útbúa og reka ofangreint húsnæði.

Upplýsingabeidni þessi felur ekki í sér skuldbindingu til að semja við ákveðna aðila heldur er einungis verið að kanna möguleika leigutaka. Að markaðskönnun lokinni verður ákveðið hvort óskað verði eftir tilboðum skv. hefðbundnu leigufurli eða hvort samið verði við tiltekinn aðila á grundvelli markaðskönnunarinnar.

Markmiðið með markaðskönnun þessari er að kanna hvort hentugt leiguhúsnæði fyrir heilsugæslu sé til staðar í Hveragerði. Áhersla er lögð á nútímalegt og sveigjanlegt húsnæði. Á meðal meginmarkmiða er hagkvæm og markviss húsnæðisnýting og sveigjanlegt vinnurými.

Upplýsingum skal skila í gegnum TendSign fyrir kl. 12:00 þann 16. júní 2021.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

ÚTBOÐ

Plön við Engjaveg og Jötunheima

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið „Plön við Engjaveg og Jötunheima“.

Í verkinu felst gerð malbikaðra plana ásamt tilheyrandi jarð- og lagnavinnu.

Helstu magntölur:

Uppúrtekt:	2700 m ³
Fyllingar:	1850 m ³
Malbik:	3700 m ²
Kantsteinar:	540 m
Hellulagnir:	330 m ²



Sveitarfélagið
ÁRBORG



VGS
VERKFRÆÐISTOFA
GUBJÓNS P. SIGFÚSSONAR EHF

Verklök: Plan við Engjaveg - íþróttavöll: 20. júlí 2021. Önnur verk: 27. ágúst 2021.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef Ajour sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/76ecf12e-6f0c-42dc-97af-9a08ca351b37>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00 fimmtudaginn 10. júní 2021. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt. Útboðsgögn afhendast á útboðsvef frá og með föstudeginum 28. maí kl. 11:00. Ekki verður hægt að óska eftir útprentuðum útboðsgögnum.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Grænamörk 10 - Heilsustofnun, tillaga að breytingu á deiliskipulagi NLFÍ svæðis í Hveragerði.



HVERAGERÐISBÆR

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. maí sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænumörk 10, skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er um 11,7 ha. og nær til lóða sem Náttúru-lækningafélag Íslands hefur til umráða og íbúðarbyggðar við Lækjarbrún og afmarkast til suðvesturs af Pelamörk, til norðvesturs af Grænumörk og Fagrahvammstúni, til norðausturs af Varmá og til suðausturs af fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Hólmabrún. Breytingin nær einungis til 2,8 ha. svæðis innan deiliskipulagssvæðisins, sem liggur að Pelamörk rétt austan við íbúðarbyggðina í Lækjarbrún og er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, sem bæjarstjórn samþykkti þann 12. maí 2021 og bíður staðfestingu Skipulagsstofnunar en skv. henni er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á breytingarsvæðinu á nýjum landnotkunarreit ÍB14.

Meginmarkmið tillögunnar er að þetta byggð með heildstæðu yfirbragði, í góðri sátt við umhverfi og samfélag og skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni.

Breytingartillagan liggur nú frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og er aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is út auglýsingartímann eða til 26. júlí nk. Tillagan verður einnig til sýnis í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 26. júlí 2021, annað hvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Spörgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástíllingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

LB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

LJÓSMYND
PRENTUN

Allar algengustu
stærðirnar

10x15 - 13x18 - 15x20 - 20x30

Sendu okkur
myndirnar eða komdu
með þær á USB-lykli

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Endurnýjun samstarfssamnings
við Íþróttafélagið Dímon

Íþróttafélagið Dímon og Rang-
lárþing eystra endurnýjuðu á
dögnum samstarfssamning sín
á milli en með samningnum er
verið að tryggja öflugt íþrótt-
og æskulýðsstarf fyrir börn og
unglinga í sveitarfélaginu. Með
samningi sem þessum er verið
að tryggja starfsemi Íþrótt-
félagsins enn frekar enda er það
mat sveitarstjórnar að Dímon
sinni öflugum og viðurkenndu for-
varnastarfi sem ber að hlúa að.

Það voru þær Lilja Einars-
dóttir, sveitarstjóri, og Arnheið-
ur Dögg Einarsdóttir, formaður
Dímonar, sem skrifuðu undir
samninginn.



KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11:00.
Síðan verður fermingarmessa kl.
15:00. Sr. Egill Hallgrímsson
annast prestsþjónustuna í
báðum messunum. Organisti er
Jón Bjarnason.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 5. júní.
Bibliulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Verið velkomin.

Þorlákskirkja

Sjómanna dagurinn 6. júní 2021.
Guðsþjónusta kl. 11:00 -
Ferming. Kór Þorlákskirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur. Blómsveigur
verður lagður að minnisvarðan-
um um drukknada sjómenn.

Stokkseyrarkirkja

Sjómanna dagsmessa kl. 11:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Arnaldur Bárðarson.

Selfosskirkja

Velkomin í sjómanna dagsmessur
í Stokkseyrarkirkju kl. 11:00
eða Eyrarbakakirkju kl. 14:00.

Eyrarbakakirkja

Sjómanna dagsmessa kl. 14:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Arnaldur Bárðarson.

Hveragerðiskirkja

Útiguðsþjónusta í Lystigarðinum
í Hveragerði kl. 14, athugið
breyttan messutíma. Að guðs-
þjónustu lokinni verður boðið
upp á gæludýrablessun. Öll
gæludýr eru velkomin ásamt
eigendum og munu fá fyrirbæn
og blessun. Prestur sr. Nína Sif
Svavarsdóttir, organisti Ester
Ólafsdóttir, kirkjukórinn leiðir
safnaðarsöng. Ef veðrið verður
ómögulegt verður messað í
kirkjunni.

TIL LEIGU

Húsnæði til leigu

Til leigu er 4ja herbergja einbýl-
ishús á Selfossi. Sérgarður. Er
laus í dag. Einnig til leigu á sömu
slóð 2ja herbergja íbúð. Er laus í
dag. Upplýsingar í síma 864
1275.

Arctic Rafting snýr aftur

Leiðsögukonan og fjár-
festirinn Tinna Sigurðar-
dóttir hefur keypt flúðasiglinga-
félagið Arctic Rafting af Arctic
Adventures. Tinna hefur tekið
við rekstrinum og fór með sinn
fyrsta hóp í flúðasiglingu 1. maí
síðastliðinn. Arctic Rafting mun
bjóða innlendum og erlendum
ferðamönnum upp á kanó- og
flúðasiglingar í Hvítá í allt
sumar.

Arctic Rafting á sér langa
sögu en félagið hóf flúðasiglingu
árið 1983 undir vörumerkinu
„Bátafólkið“. Fyrirtækin Bát-
afólkið (Hvítá) og Arctic Rafting
(Þjórsá, Markarfljót og Hólmsá)
runnu síðan saman árið 2005
þegar Arctic Rafting er keypt
af Torfa G. Yngvasyni og Jóni
Heidari Andrésyni (af Dadda
sem stofnaði Arctic Rafting
1997 fyrir austan í Eyvindará
og Grímsá), en þeir færðu það
síðar undir vörumerkið Arctic
Adventures þegar þjónustu-
framböð þeirra stækkaði. Tinna
Sigurðardóttir var þriðji starfs-
maður þess félags árið 2006 og
starfaði lengi sem sölustjóri og
ævintýraleiðsögukona.

Spennt fyrir verkefninu
og ætlar í uppbyggingu

Tinna elskar ævintýri og nýja
heima en hún fór alla leið til
Ástralíu til að sækja sér við-
skiptafræðigráðu í Griffith uni-
versity á Gold Coast. Indland
og Nepal eiga sérstakan stað í
hjarta hennar og þangað hefur

hún árlega lagt leið sína í kajak-
og flúðasiglingaferðir. Síðast-
liðin sumur hefur Tinna starfað
við leiðsögn í flúðasiglingum í
Noregi og á veturna í göngum
á Vatnajökli. Tinna er spennt að
taka við Arctic Rafting og ætlar í
mikla uppbyggingu þrátt fyrir að
reikna ekki með stríðum straum
erlendra ferðamanna þetta sum-
arið. Kajak- og flúðasiglingar
eiga hug hennar allan og Tinna
er alveg viss um að það sé áhugi
fyrir kajak-skóla á Drumbó.
„Það er mikilvægt að það sé
til góð aðstaða fyrir þann sam-
heldna hóp sem myndar gras-
rótina í vatnssportinu. Ég vonast
til að geta dreift þekkingu og
jafnvel haldið straumvatnsmót í
framtidinni,“ segir Tinna. Tinna
er bjartsýn á gott sumar, þrátt
fyrir mikla óvissutíma og tekur
á móti fólki upp á Drumbó með
bros á vör og hlýðir þríeykinu í
einu og öllu.

Drumbódsstaðir í
Bláskógabyggð eru
bækistöðvar Arctic Rafting

Bækistöðvar Arctic Rafting
eru að Drumbódsstöðum í
Bláskógabyggð og eru oftast
kallaðar Drumbó. Gerðar voru
flottar endurbætur á Drumbó í
apríl og er búið að taka veitinga-
staðinn og barinn alveg í gegn.
Í haust stefnir Tinna stórhuga á
frekari uppfærslu á Drumbó og
þá verða heitir pottar og gufan
tekin upp á næsta stig.





Mynd: Snorri Leifsson

Jarðvegsfok valdur að mikilli svifryksmengun

Fimmtudaginn 27. maí sl. var talsvert jarðvegsfok víða um land. Þurrkt hefur verið í veðri og austanstæður vindur sem færði svifrykið yfir Suðurland, hvar mistrið var einna þéttast. Svifryk mældist mjög hátt á mörgum mælistöðum á höfuðborgarsvæðinu og á nokkrum mælistöðum fór styrkur svifryks upp í nokkur hundruð mikrógrömm í rúmmetra ($\mu\text{g}/\text{m}^3$). Þetta var líklega eitt mesta jarðvegsfok sem sést hefur í mörg ár sunnan- og vestanlands. Fara þarf aftur til ársins 2010 þegar eldgosið í Eyjafjallajökli var í gangi til að finna hærri gildi.

Sandarnir vestan við Landeyjahöfn meðsekir

Einn af þeim stöðum sem fáu úr í gær var svæðið vestan við Landeyjahöfn. Það svæði er einn af þeim stöðum á landinu sem kalla mætti heitan reit þegar kemur að jarðvegsfoki. Þetta má sjá mjög vel á meðfylgjandi ljósmynd sem Snorri Leifsson flugstjóri hjá Icelandair tók seinni part fimmtudagsins.

Mikil svifryksmengun slæm fyrir heilsuna – rigningar slegið á rykið

Þegar styrkur svifryks er komin í nokkur hundruð mikrógrömm

er ekki hægt að mæla með því að vera í mikilli líkamlegri áreynslu utandyra. Sérstaklega ekki fyrir fólk sem er með undirliggjandi hjarta- eða lungna-sjúkdóma. Ekki er heldur hægt að mæla með því að ungbörn sofi úti í vagni þegar ástandið er svona.

Rigningar um helgina hafa nú slegið, um sinn, á svifrykið og bændur líklega þakklátir fyrir úrkomuna því afar þurrkt hefur verið á svæðinu. Líklega getur sömuleiðis slökkviliðs-stjórnar andað léttar hvað hættu á skógareldum varðar.

Sjómanna dagurinn verður haldinn hátíðlegur í Þorlákshöfn

Að þessu sinni er einnig verið að fagna 70 ára afmæli Þorlákshafnar. Sjómanna dagshelgin er fyrsta afmælishelgin af mörgum en afmælisdagskrá verður fyrstu helgi hvers mánaðar út árið 2021.

Laugardaginn 5. júní verður dagskrá við bryggjuna þar sem keppt verður í sjóboðsundi og koddaslag og svo verður ýmis önnur skemmtileg afþreying bæði í sjó og á landi. Þá verður einnig opnuð ný afmælistynglistar- og sögusýning í römmunum við Selvogsbraut.

Sunnudagurinn 6. júní hefst með Sjómanna dagsmessu og dagskrá í Skrúðgarði byrjar um hádegi. Björgunarsveitin Mannbjörg verður með kaffihlaðborð þar sem ágóði rennur í þeirra góða starf.

Hægt er að kynna sér dagskrána nánar inn á Facebook-síðunni *Hamingjan við hafid*.



Mynd: Árni Bragason landgræðslustjóri.

Rannsóknir í Sogni í Ölfusi kynntar fyrir Votlendissjóði

Landgræðslan fékk góða legsti í heimsókn á vöktunar- og rannsóknasvæði sitt að Sogni í Ölfusi á dögunum þegar stjórn Votlendissjóðs og formaður Loftslagsráðs komu þangað í heim tilgangi að kynna sér svæðið og þá rannsóknarvinnu sem þar er unnin. Sogn er eitt fjögurra vöktunarsvæða Landgræðslunnar þar sem fylgst er með árangri endurheimtar votlendis. Hin þrjú svæðin eru Ásbjarnarnes við Hóp, Ytri-Hraundalur á Mýrum í Borgarbyggð og Brekka í Skagafirði. Verkefnið í Sogni er unnið í samstarfi við Landsvirkjun og hófst vinna við það árið 2017.

Svæðið að Sogni er um 20 ha. að stærð og að mörgu

leyti dæmigert fyrir votlendi sem var framræst víða um land frá stríðslokum, en talið er að um 50% votlendis á láglandi hafi verið framræst síðan þá. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær Sogn var framræst og þurrkað upp en loftmyndir frá 1977 sýna að skurðir höfðu þá þegar verið grafnir. Endurheimt svæðisins hófst 42 árum seinna eða haustið 2019 þegar Landgræðslan hóf það verk. Mælingar og vöktun höfðu byrjað fyrir á svæðinu eða 2017 og var það stór áfangi í því nýja hlutverki sem Landgræðslan hafði nýlega tekist á við árið 2016 þegar endurheimt votlendis varð hluti af vaxandi hlutverki stofnunarinnar.



Rauðblesótt ung hryssa hefur verið í óskilum á Grænhóli í Ölfusi í tæpt ár. Hún fannst við Ósgerði í Ölfusi sl. sumar. Hryssan er ekki örmerkt. Þeim, sem kannast við hryssuna, er bent á að hafa samband við Kristbjörgu á Grænhól í síma 863 6417 eða við bæjarskrifstofur Ölfuss í síma 480 3800.



Sunnulækjarskóli

Störf stuðningsfulltrúa og starf aðstoðarmanns í eldhúsi við Sunnulaekjarskóla eru laus til umsóknar.

Upplýsingar um helstu verkefni og hæfniskröfur má finna á ráðningarvef sveitarfélagsins Árborgar: <https://starf.arborg.is>.

Í skólanum verða um 680 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólustarfinu koma.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Vakin er athygli á stefnu sveitarfélagsins um jafnt hlutfall kynjanna í störfum hjá Árborg og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 480 5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is

Sótt er um starfið á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Umsóknarfrestur er til 6. júní en ráðið er í stöðurnar frá 15. ágúst 2021

Skólastjóri

Smiðjupræðir LÁ fá 5,5 milljónir úr Barnamenningarsjóði



Kristín Scheving safnstjóri, Zsóka Leposa og Maria Csizmás með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra.

Þann 28. maí sl. var tilkynnt um úthlutun úr Barnamenningarsjóði Íslands, sem nú veitir styrki til barnamenningar í þriðja sinn frá stofnun sjóðsins. Sjóðurinn styrkir 37 metnaðarfull verkefni og er heildarupphæð úthlutunarinnar 90 milljónir króna. Alls hlaut Listasafn Árnesinga styrk upp á fimm og hálf milljón fyrir verkefni sem nefnist *Smiðjupræðir úr safninu inn í sveitirnar*. Í samtali við Kristínu Scheving, safnstjóra LÁ segist hún vera afar stolt og þakklát fyrir styrkinn.

Sex listamenn með smiðjur í skólum Árnessýslu

Aðspurð um verkefnið segir Kristín: „Listasafn Árnesinga mun með þessu verkefni keyra

út smiðjur og námskeið til skóla í Árnessýslu. Unnið verður með sex listamönnum í þetta skiptið sem koma úr mismunandi áttum, myndlistarmenn, leikari og leikstjóri, rithöfundur, raftónlistarmaður og tilraunalistamaður koma að verkefninu að þessu sinni.“

Telja að smiðjurnar skilji eftir fræ sem vaxi í framtíðinni

Markmið verkefnisins er að vinna með grunnskólanemum í skólum Árnessýslu þar sem börnin fá að upplifa safnið og safnalífið á lifandi hátt í gegnum námskeið leidd af úrvals listamönnum. Margir þessa eru sjálfir búsettir í Árnessýslu. „Listasafn Árnesinga í samstarfi við listamennina mun standa

fyrir seríu af námskeiðum þar sem listasafnið býður bæði til heimsóknar í safninu sjálft og einnig munu listamennirnir ferðast á milli skóla og verður boðið upp á þessar 3 smiðjur sem allar eru þverfaglegar þar sem t.d. rithöfundur og heimspekingur og myndlistarmaður hafa hannað smiðju þar sem útgangspunkturinn er að búa til sína eigin brúðu en með henni verður líka unnið að hugmyndum um tilfinningar, hlustun, tengsl við aðra, dýr og náttúru og tengsl við okkur sjálf. Önnur smiðjan er raftónlist og sköpun hljóðheims þar sem myndlistarmaður vinnur með raftónlistarmanni og munu þau kenna hvernig á að hlusta á hljóðin í kringum okkur, taka þau upp og nota í sköpun hljóðheims og jafnvel byrjun á tónverki. Þriðja smiðjan tengist enn meira inn í safneign Listasafns Árnesinga þar sem leikari og leikstjóri vinnur með myndlistarmanni að sögugerð og sköpun leikmynda með verk úr safneign safnsins í forgrunni. Við teljum að allar þessar smiðjur eigi eftir að skilja eftir fræ sem geta svo vaxið og orðið að einhverju stærra í framtíðinni. Við viljum líka horfa fram á við og sjáum fyrir okkur að endurtaka þessar smiðjur ef vel tekst til á hverju ári,“ segir Kristín í samtali við Dagskrána. -gpp



Frá listasmiðju Baniprossonno sem haldin var í LÁ. Nú munu smiðjurnar fara í vettvangsferðir í skólana að auki.

Lagnabjónustan ehf
 Pípulagnir - Efnissala
 482 2311 ☎ 696 2311
 Skrifstofa Þjónustusími

HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
 Allar ræstingar
 Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bön, gluggabreinsun o.fl.
 Sími 897 8444
 Hreint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
 Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
 Öryggiskerfi
 Efirlitsmyndavélakerfi
 Hljóðkerfi
 Símkarfi o.fl.
 Sérhæfing - Þekking - Reynsla
 Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
 Vílmundur Sigurðsson sími 779 6777

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
 Sími 660 2970
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
 Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
 - þar sem fagmennirnir vinna
 ★★★★★ Vottað verkstæði
 Gagnheiði 3 - Selfossi
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D+H BÓKHALD
 ✓ Bókhaldsþjónusta
 ✓ Skattskil
 ✓ Stofnun fyrirtækja
 ✓ Framtöl og ársreikningar
 ✓ Fyrirtækjaráðgjöf
 Dagbjört Hannesdóttir
 MACC / viðskiptafræði
 dhbokhald@gmail.com
 s. 6933708

Rétting og málun
 Vottað réttlingaverkstæði
 Cabas tjonaskoðun
 Breiðumýri 1, Selfossi
 ☎ 480 8020

FYLGD
 Útfararþjónusta
 Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
 Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
 Vinnuvélanámskeið á netinu!
 www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
 Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
 Hjólbarðar
 Betri vörur - betra verð

Juubbii
Siggafærðir
 - Flutningaþjónusta -
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss
 Hella - Hvolsvöllur
 Sími 772 6010

DFS.is
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
 Sími 482 1944 - dfs@dfs.is